



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Sveinn Alfreðsson  
Fögrukinn 26  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 28. júlí 2017  
MÍ201706-0108/ 6.06

### **Strandgata 17 í Hafnarfirði (Hendrikshús) – ósk um flutning.**

Minjastofnun Íslands hefur móttengið bréf frá Sveini Alfreðssyni, sem skrifar fyrir hönd eigenda Hendrikshúss í Hafnarfirði (Strandgata 17, Hafnarfirði), þar sem óskað er eftir heimild Minjastofnunar til að flytja húsið á aðra lóð. Hendrikshús er tvílyft timburhús, kjallari og ris ásamt skúrbyggingu, sem er yngri viðbygging. Samkvæmt Fasteignaskrá er Hendrikshús byggt árið 1893 og er því friðað samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Eigendum friðaðra húsa er skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa.

Eigendur hafa fundað með fulltrúum Minjastofnunar og útskýrt sín sjónarmið. Komið hefur fram að aðstæður og umhverfi hafi breyst mjög frá því húsið var byggt, í miðbæ Hafnarfjarðar. Húsið stendur stakt og er ekki hluti af samstæðri heild og nýtingarmöguleikar þess, t.d. sem íbúðarhús, eru takmarkaðir á núverandi lóð. Komið hefur fram að eigendur vilji tryggja varðveislu hússins og hefur komið til tals að finna því stað við Hverfisgötu í Hafnarfirði.

Málið var tekið fyrir á afgreiðslufundi hjá Minjastofnun þann 6. júlí síðastliðinn. Að mati stofnunarinnar gildir sú meginregla að gömul hús beri að varðveita á sínum upprunastað. Aðstæður í nánasta umhverfi og áherslur í skipulagi geta þó valdið því að framtíðarvarðveisla húss sé betur tryggð með flutningi þess á annan stað. Rök fyrir flutningi hússins eru m.a. þau að það njóti sín betur í skipulagi innan um önnur eldri hús, en á núverandi stað, í návígi við stórar opinberar byggingar. Stofnunin telur rétt að skoða tillögur eigenda með opnum huga, enda sé tryggt að húsið verði gert upp á nýjum stað, að viðunandi lóð finnist þar sem það sómir sér vel í götumynd innan um sambærileg hús og að stuðningur bæjaryfirvalda í Hafnarfirði liggja fyrir varðandi þessa ráðagerð. Að þessu gefnu leggst Minjastofnun Íslands ekki gegn áformum um flutning hússins.

Virðingarfyllst,

Þor Hjaltalín  
Minjavörður Reykjaness

*Afrit í tölvupósti: Hafnarfjarðarbær*